

Fundargerð Foreldraráðs – Austurkór 21.1.2026

Dagsetning:

Mætt: Andrea, Einar, Lilja leikskólastjóri, Svanhvít aðstoðarleikskólastjóri

Foreldrar voru boðin velkomin og farið var stuttlega yfir starfsemi skólans og helstu verkefni vetrarins.

- Leikskólinn er **fullmannaður** og hefur lítil starfsmannavelta verið síðustu tvö ár.
- Fáum til vinnu háskólakrakka inn og út eftir stundatöflum en grunnurinn í starfsmannahópnum hefur verið stöðugur.
- Skipulag gengur vel og góður stöðugleiki hefur jákvæð áhrif á daglegt starf.

- Deildastjórar hafa unnið að **starfsáætlunum deilda** út frá Aðalnámskrá og þeim grunnþáttum sem leikskólinn vinnur með. Hefur þetta styrkt allt faglegt starf hjá okkur til muna. Þetta hefur verið mikil vinna en er að skila sér á mjög jákvæðan hátt.
- Nú förum við inn í önn tvö með þessar starfsáætlanir og eru allir starfsmenn sammála því hvað starfið er betra og utanumhald um allar stundir betri. Allt endurmat verður auðveldara og markvissara
- Starfsáætlun er skilað inn á hverju vori og þessi vinna er stór hluti af innihaldi hennar.
- Ferlið hefur **styrkt stjórnendahópinn** og tryggt að allar deildir stefni í sömu átt.

- Leikskólinn hefur farið með elstu börnin í útinám **alla þriðjudaga frá 7:30–14:00** í Guðmundalund.
- Bæði börn, foreldrar og starfsfólk eru mjög ánægð með þessa vinnu.
- Þrátt fyrir kulda hefur útinámið gengið vel og börnin njóta þess.
- Allt er gert úti: leikur, matur og verkefni.
- Foreldrar skutla börnum um morguninn; börnin ganga heim.
- Börn fædd 2020–2021 fara í íþróttahús HK **einum sinni í viku (föstudögum)**. Börnunum er skipt í hópa og því fara ekki allir í einu.
- Oliver sér um faglega íþróttakennslu á staðnum.
- Börnin hafa mjög gaman af þessum tímum. Enda eru þetta vel upp settir tímar með mikilli hreyfingu og skemmtilegum leikjum hjá Oliver.

- Þegar vorar hefst samstarf við **Hörðuvallaskóla**, þar sem elstu börnin fara í heimsókn.

- Í undirbúningi er vinna fyrir innleiðingu **Réttindaskóla** samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnvænt samfélag.
- Markmið Kópavogsbæjar er að allir leikskólar verði réttindaskólar.
- Unnið er markvisst að mörgum þáttum Barnasáttmálans og stefnt er að því að skila inn greinargerð til UNICEF þegar öll skilyrði hafa verið uppfyllt. Þetta munum við byrja á í haust.
- Áhersla er lögð á fjórar grundvallargreinar:
 - **2. grein:** Jafnræði
 - **3. grein:** Hagsmunir barnsins
 - **6. grein:** Réttur til lífs og þroska

- **12. grein:** Réttur barnsins til að láta skoðun sína í ljós
- Fjórir leikskólakennaranemar eru í starfi hjá okkur, tveir í meistaranámi og tveir á fyrsta ári.
- Leikskólinn hvetur fólk til náms og styður Kópavogsbær þá sem stunda það með samningi sem hlýtur að því að þau geti stundað námið með vinnu.
- Oliver er einn af þessum nemum og mun hann skrifa lokaritgerð sína um **hreyfingu í leikskólastarfi** og vinna verkefnið með börnunum.
- Ef verkefnið ber árangur er möguleiki á **þróunarverkefni**, sem leikskólinn er spenntur fyrir.

Foreldrar lýstu:

- **Áhuga og undrun** yfir hversu mikið starf fer fram á leikskólanum.
- **Mikil ánægja** var með alla starfsemi skólans og jákvæð orð heyrast út á við.
- Þau sögðu að þau vildu sjá **meira yfirlit yfir daglegt starf PVERT á leikskólann**, ekki bara á deildum.

Tillaga foreldra:

- Að skoða að gera **mánaðarlegt fréttablað** þar sem sýnilegt væri hvað er í gangi í leikskólanum – verkefni, myndir, áherslur og innleiðingar.
- Vel var tekið í þetta og mun þetta líta dagsins ljós von bráðar

Upplýsingaflæði

- Foreldrar voru almennt ánægðir en vilja sjá **meiri yfirsýn yfir heildarstarfið**.
- Minnt var á:
 - **Facebook-síðu Austurkórs** sem vettvangur fyrir umræður og spurningar.
 - Að hægt er að koma erindum í gegnum FB og inn á **Völu** til að tryggja að þau nái til allra.
 - Þetta gæti orðið góð brú milli foreldraráðs og annarra foreldra.

Hlutverk foreldraráðs

- Foreldraráð les og gefur umsögn um:
 - **Skólanámskrá** (enduruppfærð á 5 ára fresti – síðast skilað 2025).
 - **Starfsáætlun** og dagatal sem skilað er árlega að vori.
- Leikskóladagatal er nú aðgengilegt **rafrænt á vef Kópavogsbæjar**.
- Foreldraráð fær einnig tilkynningu ef um er að ræða einhverjar meiri háttar breytingar í starfi.